

Eitt kemur þá annað fer

Í gærkvöldi kom annað skemmtiferðaskip ársins til Siglufjarðar. Þar var um að ræða Sea Explorer 1, með 120 farþega um borð. Það lagði svo úr höfn í morgun.

Litlu síðar birtist hið þriðja, Ocean Diamond, sem kom hingað til lands frá Hamborg í Þýskalandi. Það er með 190 farþega. Hið sérstaka við umrætt skip er að rekstur þess er á hendi íslensks fyrirtækis, Iceland ProCruises, sem er að mestu í eigu Guðmundar Kjartanssonar hjá Iceland ProTravel í Þýskalandi. Skipinu verður siglt nokkrar ferðir í kringum Ísland í sumar. Það verður t.d. aftur á Siglufirði 6., 15. og 24. júní og 3., 12., 21. og 31. júlí.



Sea Explorer 1 á leið úr höfn kl. 12.30 í dag.



Þessi systkin buðu hinum
aðkomnu gestum að kaupa
ilmandi, heimabakað bakkelsi
og gekk sölumennskan vel.



Ocean Diamond á leið í höfn
kl. 14.00 í dag.

Skipamyndir og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.
Mynd af börnum: Arnheiður Jónsdóttir.